

*Hann er Guð.*

Ó samlandi minn! Þótt 'Abdu'l-Bahá hafi fæðst í Teheran og verið heimilislaus í Írak árum saman og þótt hann hafi um tíma verið útlagi í Rúmélíu og fangi í Akká í fjörutíu ár, þá er heimahérað hans samt Mázindarán – það er segja Míyánrúd í Núr-héraði. Þess vegna ávarpa ég þig sem landa minn.

Þitt ágæta bréf snart mig djúpt. Ég las það fullur aðdáunar, því það var söngur guðlegrar einingar og tákn sem kunngerði eind Hans og einleika. Tilhugsunin um að hitta þig gleður mig. Fáir þú tækifæri til að ferðast í ró og næði getur þú komið næsta vetur.

Guði sé lof! Hvenær sem ég les nafn einhvers frá Mázindarán í lok bréfs fyllist ég gleði og ánægju, því þetta hérað er heimili fjölskyldu og forfeðra Hinnar blessuðu fegurðar. Hjarta mitt þráir að þetta land verði sem paradís og fólkið beri kennsl á hina miklu boðun og fagni henni. Dýrð dýrða hvíli yfir þér.